

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/1965
komudagur 2. 5. 2000

Reykjavík, 2. maí 2000

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignaskatt, 547. mál.

Lagt er til með frumvarpinu að gera breytingar á lögum um tekjuskatt og eignaskatt varðandi frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum, skattlagningu kaupréttar og á skattalegri meðferð lífeyrisgreiðslna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að rýmkaðar verði reglur um frádrátt frá skatti vegna fjárfestinga í innlendum hlutabréfum á þann veg að heimildin nái líka til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Rökin fyrir breytingartillögunni eru þau að ekki sé heimilt samkvæmt skuldbindingum Íslands vegna EES sammingsins að mismuna milli erlendra og innlendra aðila.

Tilgangurinn með því að heimila einstaklingum að draga frá tekjum fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hefur verið að styðja íslenskt atvinnulíf. Nú er allt önnur staða uppi í efnahagslífi þjóðarinnar en var þegar afslátturinn var tekinn upp og forsendur fyrir honum eiga ekki við ef hann á að gilda um erlenda aðila einnig. BSRB leggur til að afnema afsláttinn vegna hlutabréfakaupa frekar en að rýmka hann til þess að uppfylla skuldbindingar vegna EES sammingsins.

BSRB leggst alfarið gegn tillögu í frumvarpinu um að breyting verði gerð á skattalegri meðferð kaupréttar- eða valréttarsamninga, þannig að tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti verði ekki skattlagðar sem launatekjur heldur sem fjármagnstekjur.

BSRB er fylgjandi tillögu um breytingu á skattalögum um heimildir til að draga frá skattskyldum tekjum iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda.

Miklu máli skiptir þó hvernig að slíku er staðið og er ljóst að hið opinbera gæti orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi. Áður en ráðist er í þessar breytingar er brýnt að fram komi hvernig það verði bætt.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir